

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 28. maí 2013 breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem samþykkt var í sveitarstjórn Vesturbyggðar þann 12. apríl 2013. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 28. maí 2013.

Breytingin felst í nýjum iðnaðarsvæðum fyrir fóðurstöðvar vegna laxeldis í Fossfirði í Arnarfirði og í Patreksfirði, efnislosunarsvæði ofan við þéttbýlið á Patreksfirði, stækkun iðnaðarsvæðis á Bíldudal, efnistökusvæði við Kross, óbyggð svæði og hlíðar ofan byggðar á Bíldudal og Patreksfirði verða skilgreind sem opin svæði til sérstakra nota, þéttbýlismörkum á Patreksfirði er breytt og gerðar eru breytingar innan þéttbýlanna.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 28. maí 2013.

Hafdís Hafliðadóttir.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 11. júní 2013